

Nr. 24/1893:

Ritstjóri Skapti Jósepsson  
gegn  
amtmanni J. Havsteen.

## D ó m u r:

Eptir skipan landshöfðingja og að veittri gjafsókn ljet amtmaður J. Havsteen höfða mál á móti ritstjóra blaðsins »Austra«, Skapta Jósepssyni, út af meidandi eða móðgandi ummælum í 29. tölublaði »Austra«, útkomnu 28. október 1892, í grein með inngangsordunum »Meistara Eiríks Magnússonar málið«, og var tjeður ritstjóri með dómi aukarjettar Norður-Múlasýslu 5. maí þ. á. dæmdur til að greiða 200 kr. sekt til landsþjóðs, eða sæta 60 daga einföldu fangelsi, hin átöldu meidandi orð og ummæli dæmd dauð og marklaus, og hinn dæmdi enn fremur skyldaður að greiða allan málskostnað.

Þessum dómi hefur ritstjóri Skapti Jósepsson áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útg. 6. júní þ. á., ásamt úrskurði kveðnum upp undir rekstri málsins, 1. maí þ. á., með hverjum konu hans fyrir hans hönd var neitað um frest í málinu, og krafizt þess í fyrsta lagi, að tjeður úrskurður verði úr gildi felldur og honum veittur hinn umbeðni frestur, en dómurinn ásamt allri meðferð málsins eptir 1. maí þ. á. dæmdur ómerkur. Til vara hefur hann krafizt þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, eða hin ídæmda sekt lækkuð, samt að sjer undir öllum kringumstæðum verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum eptir mati rjettarins.

Aptur á móti hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum allan málskostnað fyrir yfir- og

undirjetti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hans (stefnda) fyrir yfirdóminum.

Aukarjettarstefna var sýnd áfrýjanda, þá er hann var að fara heiman frá sjer; leit hann þá fljótlega á stefnuna og sagði stefnuvottunum, að þeir skyldu birta hana fyrir konu sinni. Þá er stefnan fjell í rjett mætti hann ekki, enda var hann farinn af landi burt, og var svo málið tekið til dóms. Níu dögum síðar ritaði kona hans dómáranum og bað hann taka málið fyrir á ný, og er dómárin tók málið upp ap'ur þessu samkvæmt, ljet hún umboðsmann mæta fyrir sig til að biðja um frest í málinu, þar til áfrýjandi kæmi heim aptur, er eptir áreiðanlegum frjettum eigi mundi dragast meira en vikutíma. Þessum fresti mótmælti málsfærslumaður hins stefnda, og úrskurðaði svo dómárin 1. maí þ. á., að hinn umbeðna frest skyldi eigi veita. Málið var svo tekið til dóms án tilsvara af hendi áfrýjanda, og dómur kveðinn upp 5. s. m.

Af hálfu stefnanda fyrir aukarjettinum kom að eins fram efasemd um, hvort kona áfrýjanda hefði umboð til, að mæta fyrir hans hönd, en engin mótmæli, hvorki gegn því, að hún ljet mæta, nje heldur því, að málið var tekið aptur fyrir eptir tilskipun 15. ágúst 1832, 9. grein.

Að visu var nú undirdómárin eigi skyldur til að taka málið fyrir að nýju samkvæmt 9. gr. tilskipunar 15. ágúst 1832 eptir beiðni konu áfrýjanda, umboðslauch frá honum, og það því síður, sem stefnan í málinu var í raun og veru löglega birt áfrýjanda sjálfum, áður en hann fór utan, en úr því að málið var aptur komið fyrir rjettinn, og þar sem umboðsmaður stefnda eigi



mótmælti fyrirtekt þess af nýju, eða hafði beinlínis á móti því, að mætt væri löglega af hálfu áfrýjanda, þá var það eigi rjett af undirdómaranum að neita honum um nauðsynlegan frest til andsvara í málinu, og var hinn áfrýjaði úrskurður því eigi á rökum byggður.

Af þessum ástæðum verður eigi hjá því komizt að dæma hinn áfrýjanda úrskurð ógildan, og þá líka dóm-inn ómerkan, samt alla meðferð málsins frá því úrskurðurinn 1. maí p. á. var uppkveðinn, og vísa málinu heim, og er dómurinn skyldur að taka það fyrir á ný, eins og því var komið áður en úrskurðurinn var kveðinn upp, og veita áfrýjandanum hæfilegan frest til andsvara í því.

Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður, og verða hinum skipaða talsmanni stefnda eptir úrslitum málsins eigi dæmd nein málsfærslulaun, en það vottast, að málsfærslan af hans hendi fyrir yfirdóminum hefur verið lög-mæt.

#### Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á ómerkur að vera, og úrskurður sá, sem kveðinn var upp 1. maí p. á., að falla úr gildi, og ber dómaranum að taka mál þetta fyrir aptur og koma því í það horf, er það var 1. maí p. á., áður en úrskurðurinn var felldur, og síðan veita áfrýjandanum hæfilegan frest til andsvara.

Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.